

68

7. maí

Til atvinnudeildar rennur það fé, sem háskólanum ber að greiða til ríkissjóðs sem einkaleyfisgjald fyrir happdrætti Háskóla Íslands.

20. gr.

21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 97 3. maí 1935, um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands, og lög um breyting á þeim lögum, nr. 41 12. febr. 1940.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson.

Jakob Möller.

Ólafur Thors.

Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

69

7. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 8 1. febr. 1936, um erfðaábuð og óðalsrétt.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Skylt er erfðaleiguábuanda að greiða árleg iðgjöld af brunabótavirðingu húsa á erfðaleigujörðum, án endurgjalds frá landsdrottni, en kostnað við virðingu til brunabóta greiðir landsdrottinn.

2. gr.

Á eftir orðunum „þó má lán aldrei vera hærra en 50% af fasteignamatsverði landsins“ í 9. gr. laganna komi: að viðbættu allt að 25% af gildandi fasteignamatsverði, eða matsverði teiknistofu landbúnaðarins, húsa þeirra, sem ábuandi á og telja má, eftir vottorði trúnaðarmanna ræktunarsjóðs, nauðsynleg fyrir venjulegan búrekstur á jörðinni.

3. gr.

Fyrir „3%“ í e-lið 10. gr. laganna komi: 4%.

4. gr.

Fyrir „50%“ í 20. gr. laganna komi: 75%.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson.

Jakob Möller.

Ólafur Thors.

Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.